

Minnisblað

Unnið af: Sókn lögmannsstofu ehf., Hilmari Gunnlaugssyni lögmanni
Unnið fyrir: Skorradalshrepp, skipulagsfulltrúa
Dags.: 26. nóvember 2023
VARÐAR: Virkjunarleyfi Andakílsárvirkjunar.

I. Afmörkun efnistaka.

Í minnisblaði þessu er leitast við að bregðast við sjónarmiðum úr minnisblaði Orkustofnunar, unnið af Sigurjóni Njarðarsyni í janúar og febrúar 2023, að því marki sem þau fjalla um virkjunarleyfi Andakílsárvirkjunar.

Lagt er til grundvallar að lesendur þessa minnisblað hafi kynnt sér efni bréfs undirritaðs f.h. Skorradalshrepps til Orkustofnunar dags. 2. maí 2022 og minnisblað Orkustofnunar dagsett 15. febrúar 2023.

II. Meginniðurstaða

Af minnisblaði Orkustofnunar verður ráðið, að eigandi virkjunarinnar, ON, telji að ekki hafi verið gefið út virkjunarleyfi vegna Andakílsárvirkjunar. Er þannig samhljómur um þetta atriði á milli ON, sveitarfélagsins Skorradalshrepps og landeigenda sem látið hafa málið til sín taka. ON telur hins vegar, að ekki hafi þurft virkjunarleyfi á sínum tíma og því verði slíkar kröfur ekki settar með afturvirkum hætti.

Í erindi ON frá 27. október 2023 virðist ekki lengur byggt sérstaklega á því að ekki hafi þurft neitt leyfi, heldur er þar vísað til minnisblaðs Orkustofnunar frá 15. febrúar 2023, og því haldið fram að þar komi fram formleg afstaða Orkustofnunar um að leyfi, eða ígildi þess, sé til staðar. Orkustofnun virðist í umræddu minnisblaði vera sammála Skorradalshreppi um að virkjunarleyfi hafi verið krafist að lögum frá öndverðu í tilviki Andakílsárvirkjunar. Í minnisblaðinu eru hins vegar týnd til rök sem þar leiða til ályktunar um að virkjunarleyfi hafi verið gefið út, að því er virðist með athafnaleysi / athugasemdaleysi við byggingu og starfrækslu Andakílsárvirkjunar.

Afar mikilvægt er, að minnisblað Orkustofnunar er vinnuskjal og tekur beinlínis fram að því sé ætlað að verða grundvöllur að *mörkun Orkustofnunar um framhald málsins*. Ekki liggja fyrir nein gögn um hvort og þá hvert það framhald varð hjá Orkustofnun um virkjunarleyfi Andakílsárvirkjunar. Meðan formleg afstaða Orkustofnunar liggur ekki fyrir, þykir nærtækt að leggja til grundvallar þá stöðu, að sveitarfélagið Skorradalshreppur, landeigendur í sveitarfélaginu sem hagsmuna eiga að gæta og eigandi virkjunarinnar, virðast sammála um að ekki liggi fyrir virkjunarleyfi, þó vera megi að ON hafi breytt afstöðu sinni nýverið.

Undirritaður telur skýrt, að krafist var leyfis fyrir virkjun strax í öndverðu. Þá telur undirritaður það ekki samrýmast lagakröfum í þessum efnum að unnt sé að líta á ákvarðanir stjórvalda og Alþingis, sem ætlað var að liðka fyrir uppbyggingu Andakílsárvirkjunar, en fólu ekki í sér sjálfstætt leyfi fyrir henni, sem e-s konar ígildi virkjunarleyfis.

Af framansögðu telur undirritaður að leggja verði til grundvallar, að Andakílsárvirkjun sé rekin án tilskilinna leyfa, meðan afrit leyfisbréfs verður ekki lagt fram. Slík ályktun er íþyngjandi í ljósi þess að virkjunin er sannarlega starfrækt og því er brýnt að virkjunaraðila verði gefinn kostur á að tjá sig um það atriði, áður en ákvörðun um framhald umsóknar um framkvæmdaleyfi verður tekin.

Telja verður, að sé lagt til grundvallar að ekki er til að dreifa virkjunarleyfi vegna Andakílsárvirkjunar, þá leiði það af niðurstöðu úrskurðarnefndar í umhverfis- og auðlindamálum í málum 3/2023 og 74/2023 að óheimilt sé að veita framkvæmdaleyfi sem tengist virkjuninni.

III. Sjónarmið og röksemadir

Minnisblað Orkustofnunar frá 15. febrúar 2023 kemur fram að því er ætlað að gefa mynd af stöðu mála vegna Andakílsárvirkjunar og miðlunar Skorradalsvatns henni tengt. Markmið þessarar samantektar er að verða grundvöllur að mörkun Orkustofnunar um framhald málins.

Þessi formáli minnisblaðsins verður ekki skilinn öðruvísi en svo, en að um vinnuskjal sé að ræða en ekki ákvörðun eða formlega afstöðu Orkustofnunar. Í erindi ON frá 27. október 2023 er á því byggt að afstaða Orkustofnunar um virkjunarleyfi liggi fyrir og vísað til umrædds minnisblaðs því til stuðnings. Með vísan til orða sjálfs minnisblaðsins verður ekki á þann skilning fallist. Verður því ekki séð, að fyrir liggi afstaða Orkustofnunar til erindis sveitarfélagsins frá 2. maí 2022. **Liggur þannig ekki fyrir með formlegum hætti hvort Orkustofnun sjálf telji að til staðar sé virkjunarleyfi vegna Andakílsárvirkjun.** Undirritaður hefur við gerð þessa minnisblað ekki upplýsingar um að Orkustofnun hafi kunngjört opinbera afstöðu sína til álitaefnisins. Áleitin er sú spurning, ef talið sé að virkjunarleyfi liggi fyrir, hvert er efni þess leyfis?

Í bréfi undirritaðs f.h. Skorradalshrepps frá 2. maí 2022 er sett fram sú ósk, að Orkustofnun taki leyfismál virkjunarinnar til skoðunar og tryggi að í gildi sé virkjunarleyfi sem taki tillit til aðstæðna, umhverfis og samfélags á virkjunarsvæðinu, sbr. ákvæði raforkulaga nr. 65/2003, einkum 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Í bréfi undirritaðs er leitast við að útskýra með rökum þá afstöðu sveitarfélagsins, að ekki fáist séð að til staðar sé virkjunarleyfi vegna Andakílsárvirkjunar. Þá eru einnig færð rök fyrir því að komi í ljós að í upphafi hafi verið til staðar virkjunarleyfi, þá sé ekki til staðar leyfi fyrir núverandi starfsemi virkjunarinnar, en framleiðslugeta hennar er a.m.k. tvöfalt meiri í dag en lagt var upp með í upphafi.

Í minnisblaði Orkustofnunar er vikið að þessum sjónarmiðum, og má segja að þar komi fram svofeldl sjónarmið:

- Í fyrsta lagi að líta beri svo á að virkjunarleyfi sé/hafi verið til staðar, sbr. bls. 4:

það er því svo að þegar öll gögn sem nú eru fyrirliggjandi eru skoðuð heildstætt, verður að draga þá ályktun að leitað hafi verið eftir samþykki ráðherra í samræmi við þágildandi lög árið 1945, og að málið hafi farið milli viðkomandi aðila í stjórnsýslunni. ...

Verður því að álycta sem svo að ráðherra hafi samþykkt áform um fyrirhugaða Andakílsárvirkjun árið 1945, þau hafi verið í samræmi við ákvæði laga nr. 12/1946, og í því ljósi hafi Alþingi samþykkt ábyrgðir fyrir kaupum á búnaði og fyrir framkvæmdum. ...

Þá verður líka að horfa til þess að það er opinberra aðila að gæta að því að vistun skjala sé fullnægjandi og að þeim sé hægt að ganga með viðunandi hætti. Viðbótar íþyngjandi skilyrði vegna virkjunarinnar, án fullnægjandi lagaheimildar, koma því ekki til greina.

- Í öðru lagi að Skorradalshreppur og landeigendur séu ekki til þess bærir að gera kröfu um endurskoðun virkjunarleyfis Andakílsárvirkjunar, sbr. bls. 7:

Áður en áfram skal haldið er vert að taka það fram að hvorugur þeirra aðila sem bera upp kröfur um endurskoðun virkjunarleyfis Andakílsárvirkjunar, eru þess bærir. Orkustofnun er eftirlitsaðili með raforkuvinnslu samkvæmt raforkulögum og á stofnunina verða ekki settar kröfur umfram þær sem í lögum er á um kveðið. Málsméðferð þessara erinda fara því ekki eftir stjórnsýslulögum nr. 37/1993, enda eru þau ekki undanfari stjórnsýsluákvvarðana sem varða réttindi og skyldur þessara aðila. Eftir sem áður ber Orkustofnun að taka þau gögn sem stofnuninni berast alvarlega og ef vaknar grunur um misbrest í leyfisskyldri starfsemi hefur stofnunin ríka rannsóknarskyldu.

Að mati undirritaðs staðfestir yfirferðin í minnisblaði Orkustofnunar að ekkert formlegt virkjunarleyfi hefur verið gefið út vegna Andakílsárvirkjunar, hvorki í upphafi né í tengslum við umfangsmiklar breytingar á virkjuninni. Ritari minnisblaðsins telur rétt að líta svo á, að öll ytri atvik feli í sér nægilega vísbendingu um vilja leyfisveitanda, þannig að jafngildi virkjunarleyfi.

Í þessu samhengi verður ekki hjá því komist að líta til málsméðferðar og sönnunarkrafna í málum er varða mörk þjóðlenda og eignarlands. Þar hefur óbyggðanefnd, og í sumum tilvikum dómstólar, gert gríðarlega strangar formkröfur til gagna og litið fram hjá áratuga eða árhundraða framkvæmd og venju, við hagnýtingu lands. Háttar svo að jafnvel þó landamerkjum hafi verið þinglýst í samræmi við lög og reglur á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar, þá hafi óbyggðanefnd gert kröfu um frekari sönnunargögn sem styddu við þá lýsingu eignarlanda, sem í þinglýstum landamerkjagögnum væri. Skortur á slíkum gögnum hefur margoft leitt til þess að litið er svo á að ekki hafi tekist sönnun um að í öndverðu hafi umrætt land verið numið og sé háð einkaeignarrétti. Afleiðing er þá sú, að umrætt land er talið þjóðlenda og þannig í raun, háð eignarrétti íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. laga 58/1998. Hér er verið að tala um grunneignarrétt að landi, þar sem eigendum lands var með lagasetningu gert að þurfa að sanna eignarrétt sinn.

Í tilviki Andakílsárvirkjunar liggur fyrir, að alltaf hefur verið gerð krafa um að til staðar sé leyfi. Það sé því eðlileg sönnunarkrafa að virkjunaraðili eða leyfisveitandi sýni fram á umrætt leyfi. Með vísan til ofangreinds dæmis um sönnunarfærslu um það hvort land sé eignarland eða þjóðlenda, þykir það ekki of íþyngjandi að álykta sem svo að skortur á sannanlegu virkjunarleyfi leiði að jafnaði til þess að ekkert virkjunarleyfi sé til staðar.

Í minnisblaði Orkustofnunar kemur fram, að af hálfu eiganda Andakílsárvirkjunar, hefur einnig verið byggt á því, að ekki hafi verið til að dreifa virkjunarleyfi í tilviki Andakílsár, en á bls. 3 í minnisblaðinu segir:

Orka Náttúrunnar hefur og mótmælt hvoru tveggja og hefur haldið því fram að ekkert virkjunarleyfi sé til staðar með vísan til þess að virkjanir hafi ekki þarfnast leyfa þegar starfsemi hófst þar árið 1947, því sé eðli hluta vegna ekkert virkjunarleyfi til staðar.

Þannig háttar því í þessu máli, að landeigendur, Skorradalshreppur og virkjunaraðili eru öll sammála um, að ekkert virkjunarleyfi er til staðar. Þessir aðilar eru hins vegar ekki sammála um það, hver séu réttaráhrif þess. Skorradalshreppur og landeigendur líta svo á að gera verði kröfu um að gefið verði út virkjunarleyfi, en ON virðist líta svo á að þeim sé heimilt að starfa án virkjunarleyfis, þar sem ekki hafi verið gerð krafa um slíkt leyfi þegar starfsemi hófst.

Orkustofnun virðist í umræddu minnisblaði fallast á þau sjónarmið Skorradalshrepps að virkjunarleyfi hafi þurft þegar virkjúnin var reist. En í stað þess að telja þá tilefni til að fallast á málaleitan sveitarfélagsins, er í minnisblaðinu gengið langt í að komast að þeirri niðurstöðu að virkjunarleyfisígildi hafi verið til staðar. Þannig hafi öll háttsemi opinberra aðila frá upphafi borið þess merki að um sé að ræða heimilaða og leyfða starfsemi. Virðist þannig byggt á að til hafi orðið ígildi virkjunarleyfis með ákveðnu athafnaleysi / athugasemdaleysi á sínum tíma. Undirritaður telur slíka sönnunarfærslu og ályktun hæpna, þegar fyrir liggur að gerð var krafa í lögum um leyfi.

Hér er aftur tilefni til að minna á þá stöðu sem nú er uppi í deilum um mörk eignarlands og þjóðlendna. Þrátt fyrir áratuga og árhundraða framkvæmd, þar sem fjölmargar stofnanir ríkisins hafi verið grundsamar um og jafnvel skráð í opinberar bækur afstöðu ráðamanna og hagaðila til eignarhalds, þá er talið í íslenskum rétti að takist ekki skjalleg sönnun nú á 21. öldinni, þá geti það leitt til þess að hafnað verði kröfu um að land innan þinglýstra landamerkjalyssinga teljist eignarland.

Lykilatriði málsins eru þessi að mati undirritaðs. Virkjunaraðili og Skorradalshreppur (sem og ákveðnir landeigendur) virðast sammála um, að ekki hafi verið gefið út sérstakt virkjunarleyfi vegna Andakílsárvirkjunar. Sjónarmið í minnisblaði Orkustofnunar sem eingöngu er ætlað að vera liður í mörkun stefnu / afstöðu Orkustofnunar í málínu, verða ekki metin sem andstæð afstaða. Liggur því ekki fyrir í máli þessu, hvort Orkustofnun sé þeirrar skoðunar, að til staðar sé virkjunarleyfi. Telur undirritaður því eðlilegt að leggja til grundvallar að óumdeilt sé af hagaðilum, að ekki hafi verið gefið út virkjunarleyfi vegna Andakílsárvirkjunar.

Afstaða ON um að ekki hafi verið gerð krafa um virkjunarleyfi kemur þá til skoðunar. Vísað er til bréfs undirritaðs dags. 2. maí 2022 f.h. Skorradalshrepps til Orkustofnunar um sjónarmið er lúta að þessu atriði.

Í minnisblaði Orkustofnunar er vikið að frekari gögnum, til að mynda 3. mgr. (í minnisblaðinu sögð 2. mgr. greinarinnar) 1. gr. raforkulaga nr. 12/1946, þar sem bætt var inn orðunum „*eða eiga í smíðum*“ og „*og ráðherra er heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum, allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra uppdrætti og greinargerðir um framkvæmdirnar innan 6 mánaða frá gildistöku laganna, og setur ráðherra þau skilyrði fyrir slíkum leyfum sem hann telur nauðsynleg, að fenginni umsögn raforkumálastjóra.*“

Tilvitnuð 3. mgr. fylgir 1. mgr. sömu lagagreinar sem fjallaði um þá meginreglu, að ríkið eitt mætti eiga og reka raforkuver stærri en 100 hestöfl. Af umræðum um málið var ljóst að m.a. var hugsunin að tryggja að virkjun við Andakílsá myndi geta notið sömu undanþágu og virkjanir sem þegar höfðu tekið til starfa. Undanþága 3. mgr. verður að mati undirritaðs ekki túlkuð sem sjálfstætt virkjunarleyfi. Enda beinlínis vikið að því í málsgreininni, í tengslum við mögulegar stækkanir, að eftir sem áður þyrfti leyfi ráðherra og að slík leyfi gætu verið skilyrt. Fyrst gerð er krafa um leyfi fyrir stækkun, þá hlýtur áfram að hafa verið gerð krafa um leyfi fyrir nýrri virkjun.

Telur undirritaður því rétt að túlka ákvæði laga svo, að gerð hafi verið krafa um leyfi fyrir virkjun Andakílsár.

Ofangreindar ályktanir, að ekki hafi verið gefið út virkjunarleyfi og að lagakrafa hafi verið að slíkt leyfi skyldi gefið út, fela í sér þá niðurstöðu, að ekki liggur fyrir að virkjunarleyfi hafi í öndverðu verið til staðar. Þá hefur undirritaður engin gögn séð, sem gefið geta til kynna að stækkuvirkjunar hafi verið formlega heimiluð í samræmi við lagakröfur sem giltu á þeim tíma sem þær voru framkvæmdar. Sem þýðir, ef rétt er, að jafnvel þó í ljós kæmi að leyfi hafi verið gefið út í öndverðu fyrir Andakílsárvirkjun með ca 3,7 MW framleiðslugetu, þá geti slík leyfi ekki verið heimild fyrir 7,9 MW virkjun.

Þann 15. júní 2023 kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (UUÁ) upp úrskurð í máli nr. 3/2023: Hvammsvirkjun, þar sem ákvörðun Orkustofnunar frá 6. desember 2022 um að veita Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir 95 MW Hvammsvirkjun var felld úr gildi. Í forsendum úrskurðarnefndarinnar segir m.a.:

Pær skyldur sem leiða af 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 eru ekki bundnar við útgáfu leyfis til nýtingar vatns en ná einnig til leyfisveitingar til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem og leyfi á grundvelli skipulagsлага og laga um mannvirki. Með hliðsjón af undirbúningi og tilgangi virkjunarleyfis, sem felur m.a. í sér heimild til vatnsmiðlunar til þarfa raforkuframleiðslu, með þeim áhrifum sem það getur haft á vatnafar, er nauðsynlegt að taka rökstudda afstöðu á grundvelli vatnaáætlunar og þá um leið laga um stjórn vatnamála við undirbúning leyfisins og stoðar því ekki að vísa til síðari leyfisveitingar sem byggir á öðrum lagagrundvelli, svo sem færð hafa verið fram sjónarmið um fyrir úrskurðarnefndinni. Þá hefur ekki heldur þýðingu að vísa til þess að síðar meir sé unnt að endurskoða umrætt leyfi verði sýnt á fram á með gögnum að umhverfismarkmið sett samkvæmt lögum um stjórn vatnamála náist ekki, en ákvæði 3. mgr. 6. gr. raforkulaga sem með því er vísað til varðar ekki útgáfu nýrra leyfa með sama hætti og 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011.

Hér má einnig hafa hliðsjón af áðurnefndum dómi dómstóls Evrópusambandsins í máli C-346/14, Schwarze Sulm, en þar reyndi á beitingu undanþágureglu 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar, sem svarar til tilvísadrar 18. gr. laga nr. 36/2011. Af dóminum er ljóst að við beitingu undanþágunnar er um atviksbundið mat að ræða. Talið var af dómstólnum að líklegt væri að bygging virkjunarinnar mundi leiða til þess að vistfræðilegu ástandi árinna mundi hnigna. Var lögð áhersla á að við slíkar aðstæður kæmi undanþága aðeins til greina ef öllum skilyrðum 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar væri fullnægt og var fjallað um hvort svo væri á grundvelli ítarlegra gagna sem látin voru í té um framkvæmdina við meðferð málsins.

28. gr. laga 36/2011 er svohljóðandi:

Réttaráhrif vatnaáætlunar.

- Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.
- Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.
- Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagsлага og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

- Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Til að knýja á um framkvæmd ráðstafana samkvæmt 2.–4. mgr. er Umhverfisstofnun heimilt að veita viðkomandi sveitarfélagi eða leyfisveitanda áminningu. Jafnframt skal Umhverfisstofnun veita hæfilegan frest til úrbóta. Ef ekki er orðið við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er Umhverfisstofnun heimilt að ákveða dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr.

Af 3. mgr. 28. gr. laga 36/2011 er ljóst, að ríkar kröfur eru gerðar til þess að sveitarfélagið sem leyfisveitandi framkvæmdaleyfis, tryggi að slíkt leyfi sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Í áðurnefndum úrskurði UUA í máli 3/2023 er að finna miklar kröfur í þessum efnum.

Í þessu samhengi er rétt að líta til úrskurðar UUA í máli nr. 74/2023, þar sem framkvæmdaleyfi sveitarfélags vegna Hvammsvirkjunar var fellt úr gildi. Í málínu byggði sveitarfélagið á því, að ekki væri skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi, að virkjunarleyfi hefði verið gefið út. Þessu hafnaði UUA og benti á, að nefndin hefði í úrskurðum sínum kveðið á um að forsenda framkvæmdaleyfis væri að afstaða sérhæfðs stjórnavalda hverju sinni, lægi fyrir. Vísaði nefndin í þessu samhengi til úrskurða sinna í málum 115/2012, 25/2016 og 58/2022. Síðan segir í úrskurðinum:

Af hálfu sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur komið fram að tilvísun til virkjunarleyfis í fyrrnefndri greinargerð hafi ekki sérstaka þýdingu. Þetta er ekki í samræmi við umfjöllun í greinargerð með leyfinu þar sem fram kemur að sveitarfélögini geri þau skilyrði sem komi fram í leyfi Fiskistofu og virkjunarleyfi Orkustofnunar að skilyrðum fyrir veitingu framkvæmdaleyfis. Ekki verður fram hjá því litið að eftir úrskurð nefndarinnar frá 15. júní 2023 í máli nr. 3/2023 liggar ekki lengur fyrir heimild Orkustofnunar fyrir Landsvirkjun til að reisa og reka raforkuver, sbr. raforkulög nr. 65/2003, né til miðlunar, veitingar og nýtingar vatns vegna Hvammsvirkjunar, sbr. vatnalög nr. 15/1923, en í hinu brottfallna virkjunarleyfi var m.a. kveðið á um hvert væri flatarmál og heimilað rúmtak Hagalóns, veitingu vatns um virkjunina og lágmarksrennsli í farvegi.

Með ógildingu virkjunarleyfis Hvammsvirkjunar er það niðurstaða nefndarinnar að efnislegar forsendur fyrir samþykki framkvæmdaleyfisins hafi brostið í þeim mæli að ákvörðunin geti ekki staðið öröskuð. Verður af þeirri ástæðu að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi og verður því ekki tekin afstaða til annarra álitaefna sem uppi kunna að vera í málínu, m.a. hvort sveitarstjórn hafi tekið sjálfstæða og skýra afstöðu á grundvelli 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Þessi úrskurður felur í sér, að án virkjunarleyfis verður ekki gefið út framkvæmdaleyfi. Hér að framan hefur þeirri afstöðu verið lýst, að ekki fáist séð að virkjunarleyfi hafi nokkru sinni verið gefið út í tilviki Andakílsárvirkjunar, hvað þá að til staðar sé virkjunarleyfi sem taki á öllum þeim atriðum sem almennt er nauðsynlegt að séu tilgreind til að afmarka þá starfsemi sem leyfi hefur fengist fyrir.